

stjórnarráðið ákveðið að veita prestinum að Kirkjubæjarklaustri, síra Magnúsi prófasti Bjarnarsyni, 2500 kr. embættislán til íbúðarhússbyggingar á prestssetrinu Prestsbakka, samkvæmt lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, með þeim kjörum, er til eru tekin í lögum þessum, þó þannig, að þarsem húsið er nú eða verður á þessu ári 15 ára gamalt, verður presturinn að greiða nokkru hærri afborgun en til er skilið í nefndum lögum, eða kr. 111,15 alls á ári í vexti og afborgun. Um leið og lán þetta er tekið verður að greiða að fullu hin eldri byggingarlán prestakallsins frá 1897 og 1898. **6** 4. febr.

Húsinu á að fylgja skúr nýlega byggður fyrir eldhúsdýrum, eldavjel og 1 ofn og alt annað múr- og naglfast, sem tilgreint er í lýsingu á húsinu, dags. 6. janúar 1913.

Fyrningargjaldið verður 25 kr. á ári, og greiðist í fyrsta skifti í fardögum 1913.

Jafnframt því að tjá yður þetta til leiðbeiningar og frekari birtingar, skal tekið fram, að húsinu ber að halda váttrygðu eftirleiðis fyrir 5000 kr.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um skilning vörutollslaganna. **7** 6. febr.

Útaf símskeyti frá yður, herra sýslumaður, þar sem þjer spyrjist fyrir um nokkur atriði í vörutollslögunum nr. 30, 22. okt. 1912, hefir stjórnarráðið eftir beiðni yðar símað til yðar á þessa leið 28. f. m.:

»Vörutollur greiðist af endursendu saltkjöti. Seglgarn tollast eftir 1. gr. 6. — Fiskiumbúðir, strigi, eftir 1. gr. 3. — Mottur eftir 1. gr. 6. — Kartöflumjöl og sago eftir 1. gr. 1.«

Í vörutollslögunum er engin undanþága til fyrir endursent saltkjöt, og væri útlent saltkjöt sent hingað, yrði að tolla það eftir 6. tölulið 1. gr. laganna. Sömu kostum verður endursent saltkjöt að sæta.

Um seglgarn er ekki þörf að taka neitt fram annað en það, sem stendur í símskeytinu. Aftur á móti eru endursendar fiskiumbúðir tvennskónar, þær geta verið mottur, og tollast þá eftir 1. gr. 6., en eru nú orðið vanalega strigi, og þá verður að tolla þær eins og vefnaðarvöru eftir 1. gr. 3. Toll af endursendum umbúðum má fá endurgoldinn eftir 11. gr. laganna.

Kartöflumjöl, sem er búið til úr kartöflum og ekki öðru, ber að tolla eins og kartöflur, og sagó eða sagógrjón verður að tollast með kornvörum, og hvortveggja því eftir 1. gr. 1.

10. málsgrein 1. gr. tjeðra laga telur upp undanþágurnar undan vörutollinum, og nefnir þar »prentaðar bækur og blöð«. »Aviser« eru æfinlega prentuð blöð, og þau eru tollfrjáls hvert sem þau flytjast til landsins til lesturs, eða þau flytjast eins og verðlausar umbúðir.